

REGLUGERÐ**um búfjártryggingar.****I. KAFLI****Stofnákvæði, stjórn, stofnfé og ábyrgð.****1. gr.**

Brunabótafélag Íslands rekur Búfjártryggingardeild með sérstökum, aðgreindum fjárhag. Búfjártryggingardeildin lýtur sömu stjórn og Brunabótafélagið.

2. gr.

Brunabótafélagið semur árlega reikning yfir heildarrekstur deildarinnar. Reikningsárið telst frá 1. júlí til 30. júní næsta ár.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Brunabótafélagsins og birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ríkissjóður Íslands leggur fram kr. 300 000.00 með jöfnum greiðslum á þremur árum, eftir að Búfjártryggingardeildin er stofnuð. Er fé þetta stofnsjóður og vara-sjóður deildarinnar og nefnist Búfjártryggingarsjóður.

Úr Búfjártryggingarsjóði greiðist stofnkostnaður deildarinnar og starfslaun fyrsta árið, en endurgreiða skal starfslaunin síðar af tekjum deildarinnar.

4. gr.

Til Búfjártryggingarsjóðs fellur árlegur tekjuafgangur af rekstri deildarinnar, enda greiðist einnig úr honum, ef árstekjurnar hrökkva ekki til tjónbóta og reksturs-útgjalda, sbr. þó 6. gr.

5. gr.

Allir þeir, sem váttryggja í Búfjártryggingardeild, eru félagsmenn hennar og ábyrgjast, að sjóður hennar geti staðið í skilum. Ábyrgðin er þó takmörkuð við það, að váttryggjendum það ár, er iðgjöldin hrökkva ekki til bóta, er skylt að greiða viðbótariðgjald, allt að 100%. Viðbótariðgjöldin má taka lögtaki í eignum váttryggjenda.

6. gr.

Verði eitthvert ár svo mikið tjón af óhöppum samkv. 12. gr. stafl. b., að árs-iðgjöld og aukaiðgjöld hrökkva ekki til bóta, skal það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði og ríkissjóði. Slíkt framlag ríkissjóðs er ekki afturkræft.

7. gr.

Ríkissjóður ábyrgist að Búfjártryggingarsjóður geti inni af hendi skuldbind-ingar sínar til tjónbóta, en fá skal hann það endurgreitt, sbr. þó 6. gr.

8. gr.

Leita skal endurtryggingar á einstökum eða öllum áhættum Búfjártryggingar-deildar, ef Brunabótafélagið eða ríkisstjórnin telur það nauðsynlegt eða hagfellt.

II. KAFLI

Tryggingarskylda. Tryggingarheimild.

218

31. des.

9. gr.

Búfjártryggingardeild tekur að sér váttryggingu búfjár eftir þeim reglum, sem fram eru teknar í reglugerð þessari.

10. gr.

Gegn þeim vanhöldum, sem í 11. gr. segir, er skylt að tryggja í Búfjártryggingardeild:

- a. Kynbótanaut og kynbótahesta, sem notaðir eru í félögum, er styrks njóta af opinberu fé.
- b. Bústofn sauðfjárkynbótabúa, og annarra kynbótabúa, sem opinbers styrks njóta og háð eru opinberu eftirliti.

11. gr.

Bótaskyld vanhöld á gripum, sem um ræðir í 10. gr., telst það er váttryggðir gripir, á þeim tíma, sem þeir eru í gæzlu í húsi, í heimahögum eða í flutningi, farast, eða þeim verður að farga, af sjúkdómum eða slysum á tryggingartímabilinu, öðrum en af eldsvoða, enda sé ekki um að kenna ástæðum, eða búfjárpestum, sem fram er tekið nánar í 15. gr.

12. gr.

Heimilt er að váttryggja í Búfjártryggingardeild.

- a. Gegn vanhöldum: Kýr og hrúta.
- b. Gegn slysum: Tiltekið búfé eða hópa búfjár.

13. gr.

Bótaskyld vanhöld samkv. 12. gr., staflíð a., teljast hin sömu og með sömu lakmörkunum, sem gilda um tryggingarskylt búfé.

14. gr.

Bótaskyld slys samkvæmt 12. gr., staflíð b., telst það, er sauðfé, sem í gæzlu er haft og til beitar haldið, fleira eða færri í hóp eða úr hóp, ferst í illveðrum í fönn, vötn, sjó, hættur eða á annan hátt, sömuleiðis er það ferst í sjávarflæði, snjóflóði eða skriðufalli.

Sami fyrirvari er um tryggingu samkvæmt 12. gr., stafl. b., gagnvart sjálf ráðum atvikum frá hálfu váttryggjanda og þeirra manna, sem hann er ábyrgur fyrir, sem um aðrar váttryggingar, sbr. 15. gr.

15. gr.

Bótaskyld eru ekki vanhöld og slys, sem stafa af fódurskortu eða vanfóðrun, hirðuleysi eða handvömm eiganda gripanna eða umráðanda, þjóna þeirra eða nánustu vandamanna.

Bótaskyld eru ekki heldur vanhöld og óhöpp, sem stafa af pestafaröldrum eða lækningatilraunum gegn þeim, svo sem mæðiveiki, garnaveiki í sauðfé og nautgripum, ormaveiði í lungum og meltingafærum, fjöruskjögri og öðrum slíkum pestafaröldrum.

Eigi heldur er tekin ábyrgð á vanhöldum við sauðburð.

Sé búfé, sem váttryggt er samkvæmt búfjártryggingarlögum, veðsett, nær veðrétturinn til váttryggingarfjárins.

III. KAFLI

Umboðsmenn og störf þeirra.

17. gr.

Umboðsmenn Brunabótafélags Íslands skulu vera umboðsmenn Búfjártryggingardeildar. Þeir taka á móti váttryggingarbeiðnum og senda þær til aðalskrifstofunnar, sem gefur út váttryggingarskirteini, innheimta iðgjöld og aukaiðgjöld, og gera skil á þeim til Brunabótafélagsins. Þeir eru og umboðsmenn og málsvarar búfjártrygginganna um allt, er varðar ákvörðun tjónbóta.

Brunabótafélagið getur þó tekið sér sérstaka trúnaðarmenn fyrir Búfjártryggingardeildina, ef þörf krefur.

18. gr.

Umboðsmenn búfjártryggingardeildar hafa á því vakandi auga, að allir þeir sem það er skylt, váttryggi búfé, og aðvara þá um það, ef þörf krefur. Beri það ekki þann árangur, að tryggingarskyldunni sé fullnægt, tilkynna þeir það viðkomandi yfirvaldi.

19. gr.

Umboðsmenn fá 5% af iðgjöldum fyrir skrásetningu váttrygginga, innheimtu iðgjalda, reikningshald og bréfagerðir. Útlagðan kostnað fyrir rittföng, burðar- og simagjöld og annan kostnað útlagðan, svo og þóknun fyrir sérstök ómök, sem þeir hafa vegna ákvörðunar tjóna og tjónbóta, fá þeir endurgreiddan eftir sanngjörnum reikningi, sem Brunabótafélagið samþykkir.

20. gr.

Bréfagerðum vegna búfjártrygginganna ber umboðsmönnum að halda sérstökum, en blanda þeim ekki saman við bréfagerðir varðandi brunatryggingar.

IV. KAFLI

Tryggingarupphæð. Tryggingartími. Tryggingaraldur.

21. gr.

Sá, sem leita þarf váttryggingar samkv. 10. gr., eða leita vill frjálsrar tryggingar samkv. 12. gr., snýr sér um það til hlutaðeigandi umboðsmanns, er þá tekur á móti beiðninni og skrásetur hana.

Á váttryggingarbeiðnum skal lýst skilmerkilega mörkum og öðrum einkennum á gripum þeim, sem váttryggðir eru.

Váttryggingarupphæð og váttryggingartími ákveðst um leið og trygging er skráð.

22. gr.

Váttryggingarverð nauta og hesta sem notuð eru í kynbótafélögum ákveður váttryggjandi. Þyki stjórn Brunabótafélagsins hún óhóflega há, getur hún skotið málinu til ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein, og sker hann þá úr, hvert váttryggingarverðið skal vera. Váttryggingarverð einstakra gripa í bústofni sauðfjárkynbótabúa og annarra kynbótabúa ákveður váttryggjandi og má það vera tvöfalt skattmat, nema á kynbótahrútum, en þar má það vera áttfalt skattmat.

23. gr.

218

Vátryggingarverð einstakra gripa í frjálsri tryggingu ákveður vátryggjandi innan þeirra takmarka er hér greinir: 31. des.

Kynbótakarldýr, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, má vátryggja fyrir upphæð sem nemur fimmföldu skattmati. Annað tiltekið búfé eða hópa af búfé má vátryggja með allt að tvöföldu skattmati.

Umboðsmaður gætir þess, að ekki sé farið yfir greind verðtakmörk.

24. gr.

Aldur tryggingarskyldra gripa, sem notaðir eru til kynbótastarfsemi, er engum takmörkunum háður.

Tryggingaraldur gripa samkv. 12. gr., stafl. a., má vera: Kýr allt að 16 vetra, hrútar allt að 10 vetra.

Tryggingaraldri sauðfjár samkvæmt 12. gr., stafl. b., er ekki takmörk sett.

25. gr.

Vátryggingartími kynbótanauta og kynbótahesta, svo og hrúta á kynbótabúum, skal vera allt árið (12 mán.).

Vátryggingartími alls annars búfjár miðast við þann tíma, sem það er haft í gæzlu í húsi eða í heimahögum.

Jafnan skal vátryggingartími skráður í heilum mánuðum.

Allar vátryggingar gilda aðeins þann tíma, sem til er tekið í vátryggingarskirteini. Skyldutryggingar þarf að endurnýja árlega sem aðrar tryggingar.

26. gr.

Eftir heildarupphæð vátryggingar, vátryggingartímanum og iðgjaldtaxtanum ákveðst iðgjaldið og greiðist gegn vátryggingarskirteini eða kvittun umboðsmanns.

Tryggingarskyldir gripir eru í vátryggingu frá því búfjártryggingin tekur til starfa án tillits til þess, hvort iðgjald er greitt eða ekki, enda má taka iðgjaldið lögtaki í hinum tryggðu gripum. Vátrygging gripa í frjálsri tryggingu tekur gildi um leið og beiðni er undirrituð, enda sé iðgjald greitt, þegar krafizt er.

27. gr.

Brunabótafélag Íslands lætur gera á kostnað búfjártryggingarsjóðs eyðublöð fyrir vátryggingarbeiðnir, vátryggingarskirteini, iðgjaldakvittanir, tilkynningar um tjón, skilagreininir umboðsmanna til Búfjártryggingardeildar og önnur þau eyðublöð, sem þörf er á vegna trygginganna. Það lætur og umboðsmönnum í té nauðsynlegar bækur.

V. KAFLI

Um iðgjöld.

28. gr.

Vátryggingariðgjöld ákveður landbúnaðarráðherra með auglýsingu.

Iðgjaldseining í öllum flokkum búfjártrygginganna miðast við ársiðgjöld. Iðgjöld fyrir styttri tíma reiknast hlutfallslega.

Full iðgjöld skulu greidd eftir taxtanum, en tillit tekið til við ákvörðun hans, að tjón eru ekki greidd nema að $\frac{4}{5}$ hlutum.

Iðgjaldafyrirmælin skal endurskoða og breyta iðgjöldunum til lækkunar eða hækkunar, eftir því sem reynslan og aðrar ástæður gefa tilefni til.

VI. KAFLI

Um tjón og tjónbætur.

29. gr.

Búfjártryggingarsjóður bætir að $\frac{4}{5}$ hlutum váttryggingarverðs þau vanhöld og slys á gripum, sem bótaskyld eru.

Frá útgreiddum bótum dragast nytjar fjárins eftir hæfilegu mati, sem umboðsmanni og tjónþola kemur saman um.

Skýlt er tjónþola að láta hirða nytjar þannig, að þeirra verði sem fyllst not.

30. gr.

Verði ágreiningur um rétt og skyldu til bóta milli tjónþola og umboðsmanns, eða um mat á nytjum og upphæð bótanna, skal ágreiningnum skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefnir í dóminn sinn mannr hvor, tjónþoli og umboðsmaður, en héraðsdómari oddamann. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður.

Tjónbætur greiðast ekki af hendi, fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

Tjónþoli og umboðsmaður geta hvor um sig óskað gerðardómsmats. Sá, er matsins óskar, skal snúa sér til héraðsdómarans um skipun oddamanns.

Kostnað við gerð ber sá aðili, sem matið gengur á móti.

31. gr.

Tjónþoli tilkynnir umboðsmanni tafarlaust, er tjón verður og sannar það fyrir honum. Sé samkomulag milli þeirra um tjónið og bætur fyrir það, sendir umboðsmaður Búfjártryggingardeildinni tilkynningu um það ásamt skilgrein um kostnað, sem því hefur orðið samfara, og verða tjónbætur þá senda umboðsmanni til greiðslu gegn kvittun tjónþola.

VII. KAFLI

Viðurlög.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum til Búfjártryggingarsjóðs, kr. 10—500. Svíksamlegt framferði váttryggjanda varðar réttindamissi til tjónbóta.

33. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 113 13. nóvember 1947, um breytingar á lögum nr. 20 26. febrúar 1943, öðlast gildi 1. júlí 1948 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.